



Frásögn af fundi Bjarna Benediktssonar og Bodil Begtrup 26. janúar 1952.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál - Bodil Begtrup – Danmörk – Safn
Árna Magnússonar - 1952

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-12, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 26. janúar 1952 kom sendiherra Dana, frá Bodil Begtrup, á skrifstofu mína, en hún hafði komið til landsins deginum áður, eftir all langa ótivist. Erindi hennar var að bera fram samúðarkveðjur sínar út af andláti forseta Íslands. Er því var lokið ræddum við góða stund um handritamálið.

Hún sagði, að utanríkisráðherra Danserkur hefði verið í París um það leyti sem hún fór þaðan um miðja vikuna og hefðu þau nokkuð rætt málið. Hún sagði, að komin væri álitsegerð frá háskólanum og væri háskólinn klofinn í málinu og gerði það að vissu leyti auðveldara fyrir, því að ekki væri þá hægt að segja, að gengið væri á móti hreinum eða einróma vilja hans. Hinsvegar hefði það staðið til, að háskólinn yrði ekki spurður fyrir en málið væri búið að ræðast í ríkisstjórninni og við formenn ljórmóðisflokka. En sökum þess að kennslumálaráðherrann væri kennari við háskólann hefði hann valið þessa aðferð. Átlunin hefði verið að ræða málið innan ríkisstjórnarinnar nú fyrir skömmu, en sökum stjórnsmálaágreinings, er upp hefði komið í Danörku, hefði orðið bið á því og mundi það ekki gert fyrir en síðar, þó sennilega fyrri hlutann í febrúar, því að ósk stjórnarinnar væri að reyna að ljúka málinu nú á þessu vori. Hún sagðist hafa lagt áherzlu á það í málflutningi sínum, að annaðhvort öttu Íslendingar að fá allt eða ekkert. Sjálf hefði hún þó ekki trú á því, að sú yrði niðurstaðan, því að auk þess sem Árna Magnússonarsæfn hefði að geyma ýmislegt, er aldrei hefði verið á Íslandi, og Íslandi kæmi ekki við, þá væri þar hlutir, sem Danir oskuðu mjög eftir að halda í. Hún gæti því hugsað sér að Íslendingum yrði gefinn meginhlutinn af hinum gömlu handritum eða svo sem 80-90%,

en Danir héldu eftir hinu til merkis um það, að þeir
 sttu þó nokkurn þátt í varðveislu handritanna, útgáfu
 þeirra og fræðilegri könnun og handritin væri þessvegna
 ekki einskis virði fyrir þá. Utanríkisráðherrann danski
 væri þeirrar skoðunar, að annaðhvort stti að láta
 Íslendinga ekki fá neitt eða svo mikið, að þeir yrðu
 ánægðir, þó með sama fyrirvara, er áður um getur.
 En þeir sttu að fá svo mikið, að talið yrði að hér
 væri um norræna vinargjöf að ræða, sem sýndi öllum
 heimi hinn sanna norræna bróðurhug. Innan ríkisstjórn-
 arinnar væri forsætisráðherrann Erik Eriksen og fjár-
 málaráðherrann Thorkil Kristensen á sömu skoðun en
 menntamálaráðherrann eitthvað linari. Sve varu sjálf-
 sagt sumir á móti og sérstaklega væri illt, að Halfdan
 Henriksen, sem væri sterkur maður í Inaldsflokknum,
 hefði ekki viljað ganga lengra en hann hefði gert.
 En hann hefði haldið sig að skoðun safnvarðanna, sem
 í fyrstu hefðu gengist fyrir mótumelum gegn því að
 Íslendingar fengju nokkuð, en væri nú mitt á milli og
 mundi vilja láta Íslendinga fá hér um bil helming af
 því sem um hefði verið rætt. En Vonir stæðu til, að
 þegar málið yrði lagt fyrir flokksformennina, þá
 mundu Socialdemokratarnir, undir forustu Hedtofts, standa
 með því, að Íslendingar fengju sem mest, því að skoðun
 Hedtofts væri sú, að Íslendingar yrðu að fá svo mikið,
 að þeir gæfu, ef svo stætti segja, saldo-kvittun. Því
 að ef málið yrði ekki leyst þannig, að Íslendingar féllu
 frá öllum kröfum um frekari afhendingar, væri meiningar-
 laust, frá dönsku sjónarmiði, að láta þá fá nokkuð.
 Hún sagðist vita, að það færi í taugarnar á ýmsum
 Íslendingum, að Danir töluðu um afhendingu handritanna
 sem gjöf, en vonlaust væri að mæla að fá nokkru áorkað
 í málinu með öðrum hetti en láta svo heita, því að Danir

vildu alls ekki viðurkenna ^{lagalegan} ~~XXXXXX~~ kröfurétt
Íslendinga í þessum efnum.

Ég sagði, að ég hefði litið þannig persónulega á, að best væri að halda á málunum þannig, að Danir gerðu það upp við sjálfa sig í hvaða formi þeir vildu láta okkur fá handritin. Hinsvegar gæti svo farið, að íslensk stjórnvöld óskuðu ekki eftir að taka við neinu nema því aðeins að þau fengju allt, sérstaklega ef þau ættu að gefa yfirlýsingu um, að þar með varu frekari kröfur úr sögunni.

Fráin sagðist skilja það sjónarmið og sagðist sem sagt reyna að berjast fyrir því við þá Dani, sem hún hefði áhrif á, en hefði verið að það næði til fulls fram að ganga, enda hefði utanríkisráðherrann talað um, að með einhverjum hætti þyrfti að komast að raun um það, hvaða handrit það varu og hversu mikið, sem Íslendingar ætluðust til að fá, þannig að afhendingin næði tilætluðum árangri frá sjónarmiði Dana, sem sagt þeim, að málinu væri þar með lokið. Hefðu þau í því sambandi talað um, að ágett væri að hafa "underhanden"-samband við Nordal í þeim efnum, þar sem hann væri helzti sérfræðingurinn í þessu.

Ég sagði henni, að auðvitað yrði íslensk stjórnvöld að taka afstöðu til þessa og þá þess fyrst og fremst, hvort þau endanlega ^{skilyrðislaust} ~~kröfðust~~ alls. Hefði komið til tals að skipa nefnd sérfræðinga til ráðuneytis ríkisstjórninni í þessum efnum. Énn hefði ég verið þessu andvígur, en hefði hreyft því við Nordal, hvort hann teldi sér fært að skreppa heim og hafa samráð við helzta sérfræðinga hér og síðan við ríkisstjórnina, um málið, og á þeim grundvelli yrði síðan ákvörðun tekin um afstöðu Íslands. Énnþá vissi ég ekki hvort úr þessu gæti orði og ræddum við nokkuð um það.

Sendiherrann kom m.a. inn á, hvort hægt væri að halda slíkum ráðagerðum leyndum. Um það kvaðst ég ekki geta fullyrt, því e.t.v. vilðu sumir koma í veg fyrir samskipt, en etla yrði þó, að allir ábyrgir menn gerðu sitt til að ekki yrði málinu spillt að ástæðulausu.

Að afloknu þessu tali reddum við um ýms mál Sameinuðu þjóðanna og hitt og þetta annað, sem ekki skiptir máli.

26. janúar 1952.

